(M: Morgunverður, H: Hádegisverður, K: Kvöldverður)

Dagur 10-13: Phuket

Eftir spennandi upplifun í frumskóginum biður ykkur afslöppun á fyrstaflökks hóteli á Phuket þar sem dagarnir eru á eigin vegum. Eins og á hótelinu ykkar á Khao Lak, eru hér líka margir möguleikar fyrir alla, hægt að kaupa/leigja snorklbúnað, kajak, hjóla, eyjaferðir eða kvöldstund

Skoðið sérstakan verðlista til að sjá úrval af spennandi ferðum frá Khao Lak og Phuket.





BRÚIN YFIR KWAI FLJÓTIÐ

3 DAGAR / 2 NÆTUR - Hin Tok River Camp @ Hellfire Pass



Dagur 1: Bangkok - River Kwai

Þið verðið sótt snemma á hóteidið ykkar í Bangkok og farið gegnum fallegt og gróðurshætt landið að bænum Kanchanaburi. Hér skoðið þið Thailand-Burma Railway Safnið ásamt grafreit fyrir 6.000 fanga sem létu lífið í seinni heimstyrjöldinni. Þaðan heldur ferðin áfram að hinni frægu brú yfir Kwai fljótið. Frá brúinni heldur ferðin áfram til Hin Tok Fljóta búða, þar sem þið innritið ykkur og borðið hádegisverð. Seinnipart heimsækið þið Hellfire Pass Memorial, þar sem þið gangið eftir járnbrautinni milli Thailands-Burma (2.5 km, 1 tíma göngutúr – verið í góðum skóm eða strigaskóm til að ganga þessa leið). Þið hafið möfuleika á því að slappa aðeins af í búðunum áður en þið hjólið til nærliggjandi smábæar þar sem þið sjáið meðal annars hvernig bambuskörfur eru fléttaðar. Það er kvöldmat og gisting á Hin Tok Fljóta búðunum. (H,K)

Dagur 2: River Kwai

Eftir góðan morgunverð farið þið með longtailbát að Sai Yok Yai-fossinum og njótið nátturunnar. Hér er tími til að slappa af og synda við fossin. Gleymið ekki sundfötum og handklæði. Eftir hádegi er skoðunarferð um svæðið þar sem sérkennilegair klettamyndanir og hellar eru skoðaðir. Um kvöldið getið þið tekið þátt í órnámskeiði um thailen-

skan mat, þar sem þið kynnist þeim sérstöku kryddum sem þeir nota í matargerðinni. Kvöldverður og gisting á Hin Tok Fljóts búðum. (M,H,K)

Dagur 3: River Kwai – Bangkok

Þeir sem eru hressir um morguninn geta farið í hjólatúr eða ganga að nærliggjandi musteri hinumegin við fljótið, þar sem maður gefur munkum mat og fær um leið blessun sem allir hafa gott af. Eftir morgunverð er það check-out, síðan siglið þið með longtailbát að Mon-þorpinu. Mon þjóðflokkurinn kemur upprunalega frá Burma og hefur haldið móðurmáli sínu og menningu. Farið í gönguferð um þorpið eða á Filabak inni bambusskógin (kostar aukalega). Eftir hádegisverð farið þið um borð í "Daudelestina". Lestarkerfin er upplifun en þið farið í ca. klukkustundar ferð, en lestarsporið var byggt af stríðsföngum Japana í seinni heimstyrjöld. Síðan er haldið af stað með bíl til Bangkok og reiknað með að vera á hóteli ykkar eða út á flugvelli ca. kl. 18:00 (M,H)

(M: Morgunverður, H: Hádegisverður, K: Kvöldverður)

Verð ferðarinnar inniheldur ekki keyrslu út á Suvarnabhumi flugvöll, en er hægt að bóka áður með lágu aukagjaldi.

Hin Tok River Camp



3 DAGAR / 2 NÆTUR - River Kwai Resotel



Dagur 1: Bangkok - River Kwai

Þið verðið sótt á hótél ykkar í Bangkok snemma að morgun og keyrt í gegnum gróðurshætt landslag til bæjarinnar Kanchanaburi. Fyrst heimsækið þið Thailand-Burma Járnbauta safnið, þar sem þið verðið kynnt saga Thailands-Burma járnbrautarinnar. Hér er farið í JEATH Stríðs Safnið, kirkjugarðinn þar sem 6.000 bandamenn sem voru stríðsfangar í Síðari Heimstyrjöld eru grafnir ásamt endurgerð að hinni frægu brú yfir Kwai fljótið. Hér sýnið þið með longtail bát til hótelsins þar sem þið innritið ykkur og snæðið hádegisverð í veitingarstaðnum. Eftir góða máltíð og stutta bátsferð að Resotel Pier, heldur ferðin áfram með rútu til Hell Fire Pass Memorial. Seinnipart dagsins farið þið til baka til hótelsins ykkar RIVER KWAI RESOTEL. Um kvöldið getið þið séð innfædda uppfæra hin hefðbundna Mon Dance, og þið fáið kvöldverð á hótelinu. (H,K)

Dagur 2: River Kwai

Eftir morgunverð er það bátsferð til Saiyoke Yai Fossana & í Þóðgarðinn - náttúruupplifun eins og hún gerist best. Síðan er haldið aftur á hótelið fyrir hádegisverð. Seinna heimsækið þið Kaeng Lava hellinn og skoða frábærar klettamyndannir. Kaeng Lava hellirinn er einn af fallegustu hellum í Thailandi. Það sem eftir er dags er á eigin vegum,

hægt að fara í kanóferð, hjólaferð (kostar auka) Kvöldverður og gisting á River Kwai Resotel. (M,H,K)

Dagur 3: River Kwai – Bangkok

Eftir morgunverð heimsækið þið þorpið Mon. (Hér er hægt að fara á Filabak kosta auka). Þið tjeppið út af hótelinu eftir hádegisverð og stigið síðan um borð í "Daudelestina". Lestarkerfin er upplifun og tekur ca. klukkutíma en lestarsporið var lagt af stríðsföngum Japana í seinni heimstyrjöldinni. Um eftirmiddaginn heldur ferðin áfram til Bangkok. (M, H)

(M: Morgunverður, H: Hádegisverður, K: Kvöldverður)

Viið bjóðum líka uppá 3 daga ferðir til River Kwai með gistingu á River Kwai Village eða River Kwai Jungle Raft, þar sem hótelið og herbergin eru fljótandi á River Kwai-fljótinu! Sjá verðlista vegna nánari upplýsingar.

Við bjóðum einnig uppá River Kwai-ferðir sem eru bara 2 dagar / ein nótt ásamt ferðum frá Bangkok. Sjá nánar í verðlista.



Dødens Jernbane

RIVER KWAI RESOTEL

55 Moo 5 Tambol Wangkralae
Amphur Saiyoke, Kanchanaburi

Á BÖKKUM FJÓTSINNS KWAI, SEM UMFAÐIÐ GRÓSKUMIKKLUM REGNSKÓGI ER ÞETTA SJARMERANDI LITLA TRÓPISKA HÓTEL.

Á hótelinu eru 45 bungalows, sem eru innréttaðir á einfaldan hátt, með loftkælingu, klósetti og baði. Fyrir utan ferðirnar sem eru innifaldar í ferðinni býður hótelið uppá Filabaks reiðtúr, fjallahjól leigu af kanóum, eða rafting á bambusflekka - þessar ferðir eru pantaðar beint hjá hótelinu og greiðast beint til þeirra. Á hótelinu er huggulegur veitingarstaður og sundlaug.



River Kwai Resotel

HIN TOK RIVER CAMP @ HELLFIRE PASS

55 Moo 5, T. Wangkrajae,
A. Saiyoke, Kanchanaburi 71150

ÆVINTÝRALEG SAFARI UPPLIFUN VIÐ KWAI NOI-FLJÓTIÐ, KANCHANABURI

Hin Tok River Camp er fullkomið fyrir þá sem elska náttúruna. Gistingin er í lúksus safari tjöldum, sem eru á trégrindum/palli. Tjöldin eru með öllum þægindum sem maður finnur á hóteli herbergjum, eins og privat bað, heit vatn, loftkælingu, míni bar og einka verönd m.m. Þessi 32 safaritjöld er í stærðunum 26-32 m², og einföldu / hráu innréttingar þeirra gefa ævintýrlega upplifun þar sem hljóð náttúrunar spila stórt hlutverk. Búðirnar eru við Kwai Noi-fljót, en frá veitingarstaðum og sundlauginni hefur maður útsýni yfir fljótið. Árið 2009 var Hin Tok River Camp valið eitt af 10 bestu "Adventure Resorts" í Asíu.



Hin Tok River Camp @ Hellfire Pass



Hin Tok River Camp @ Hellfire Pass



Hin Tok River Camp @ Hellfire Pass

3 DAGAR / 2 NÆTUR - KHAO YAI ÞJÓÐGARÐINUM



Khao Yai er aðeins í 2-3 tíma keyrslu norðaustur frá Bangkok og er elsti þjóðgarður Thailands. Það sem einkennir þjóðgarðinn eru fjalllendi, fossar og fljót sem liðast gegnum trópíska regnskóginn. Hér eru meira en 3000 plöntur, 320 fuglategundir og 67 tegundir spendýra, meðal annars villtir fílar, apar og tigrisdýr. Ég Jón Haukur hef farið í þessa ferð og þetta er ótrúleg upplifun.

Dagur 1: Bangkok – Khao Yai Þjóðgarðurinn

Þið verðið sótt á hótelið í Bangkok að morgni og keyrið í ca. 2½ tíma til Khao Yai Nationalpark, þar sem þið gistið á Juldís Khao Yai Resort. Hér byrjið þið síðan á að fá hádegisverð og síðan heimsækið þið budda hof sem er í helli, þar sem munkarnir stunda ihugun. Héðan heldur ferðin áfram til "Bat Caves", þar sem milljónir af leðurblökum yfirgefa hella sína til að sækja fæðu í ljósaskiptunum. Þessi sjón er ótrúleg að sjá leðurblöku strauminn sem liðas eins og vatnsbuna út úr hellinum. Þið komið tilbaka á hótelið um kl. 19:00 og þá er það kvöldverður og gisting á Juldís Khao Yai Resort. (H,K)

Dagur 2: Khao Yai Þjóðgarðurinn

Á þessum degi býður ykkar spennandi gönguferð um frumskógin, þar sem leiðsögumenn þjóðgarðsins fræða ykkur um Khao Yais útrúlega dýra og plöntulíf. Ef heppnin er með ykkur getið þið upplifað gibbon- og makakapa í trjátoppunum, háværa "næsehornsflugle", og suð skordýra sem er eins og symphónía balandað við köll apa og söng fluglanna. Næsta stopp er við Haew Suwat-fossin, þar sem

myndin "The Beach" með Leonardo DiCaprio var meðal annars tekin. Hádegisverður er á einföldum veitingarstað í þjóðgarðinum. Eftir hádegi keyrið þið um þjóðgarðinn og stoppið á mismunandi útsýnisstöðum. Ef heppnin er með sjáið þið hjartardýr og villta fíla á leið ykkar. Keyrsla til baka á hótelið fyrir kvöldverð og gisting á hótelinu. (M,H,K)

Dagur 3: Khao Yai Þjóðgarðurinn – Bangkok

Þið borðið morgunverð og farið síðan á markað svæðisins sem er upplifun fyrir okkur sem erum vön því að fara bara í Bónus en hér í Pak Chong markaðnum kaupa íbúarnir inn fyrir máltíðir dagsins. Hér getið þið lært um þau krydd og grænmeti sem fólk notar í matargerð. Síðan heimsækið þið völungarhús af sandsteins klettum með slönguviði sem umvefur klettana sem eru alsettir yfir 2000 ára gömlum teikningum. Heimsókn í fallegt buddamusteri með 28 metra hárra buddastyttu sem vakir yfir helgidóminum, þið snæðið hádegisverð og síðan keyrið þið til baka til Bangkok seinnipartinn. (M,H)

(M: Morgunverður, H: Hádegisverður, K: Kvöldverður)

Haew Suwat-vandfaldet



BANGKOK

Bangkok er ein af þeim borgum sem flest allir hafa einhverja skoðun á. Margir elska þessa stórkostlegu heimsborg sem er full af iðandi mannlífi og mikilli og stöðugri umferð, hitinn og ilmurinn frá götueldhúsunum sem blandast mikilli litadýrð og hinum ýmsu hljóðum er stórkostlegt að upplifa, en svo eru aðrir sem vilja fara eins fljótt og hægt er frá hávaða, mengun og umferð borgarinnar. Maður getur fundið allt í Bangkok – allt er hægt að kaupa eða útvega, hingað kemur fólk frá öllum heimshornum og á öllum aldri, hér eru bæði flottustu lúxus vörur og það ódýrasta sem hægt er að finna, þetta er borgin sem aldrei sefur.

Hér er einnig fullt af áhugaverðum stöðum og dvölin hér mun hjálpa ykkur að skilja menningu Thailands. Upplifunin af borginni er þó oft háð því hvernig maður skipuleggur sig. Eins og flest allar stórborgir þá er ekki alltaf auðvelt að rata um í Bangkok og svæðið sem þið dveljið á skiptir miklu máli í sambandi við upplifun borgarinnar. Þess vegna höfum við valið að kynna fyrir ykkur helstu upplýsingar um Bangkok, sem verður vonandi til þess að þú verðir einn af þeim mörgu ferðamönnum sem fellur algjörlega fyrir þessari stórkostlegu stórborg.



FERÐAST UM



Þar sem umferðin er eitt af stærstu vandálum Bangkoks þá er nauðsynlegt að þekkja til hinna ýmsu möguleika. Umferðin er mjög mikil milli kl: 08.00 – 10.00 á morgnana og frá kl 16.00 – 21.00 seinnipart dags og kvöld. En það er mjög ódýrt að ferðast um borgina og hægt er að velja á milli fleiri möguleika til að komast frá einum stað til annars.

Leigubílar:

Það er þægilegt að ferðast um borgina með leigubílum. Það er ódýrt og loftkælingar í bílunum gera það að verkum að það er þægilegt athvarf frá hinum mikla hita sem er oft á tíðum. Samt sem áður er hægt að nota langan tíma í leigubílum ef maður ferðast á mesta annartímanum. Flestir leigubíla stjórar í Bangkok nota sjálfkrafa kílómetramæli. Ef leigubíla stjórnin stingur upp á ákv. verði þá býðjið um „taxameter“ eða finnið annan leigubíl. En almennt eru leigubílstjórar almennilegir og eru sjáldan á því að svindla á ferðamanninum. En ákv. varkárni á mestu ferðamanna stöðunum er alltaf góð.

Tuk-Tuk:

Það er mjög litrík upplifun að keyra um götur Bangkoks í Tuk-Tuk. En oft getur það verið dýrara og hér þarf að semja um verðið, enginn kílómetra mælir. Þetta er upplifun en ekki eins þægilegt og að vera í loftkældum leigubílum og oft er reynt að svindla á ferðamönnum sem ferðast með Tuk-Tuk. Munið bara að semja fyrirfram um ákv. verð og samþykkið ekki (nema þið sjálf viljið prófa einu sinni svona borgar upplifun) ef ökumaðurinn býður ykkur kostakjör og vill sýna ykkur allan bæinn fyrir lítinn pening (oftast fá ökumennirnir ákv. prósent við að fara með ferðamenn í skartgripaverslanir og til klæðskera)

Taxabátar (Chao Phraya River Express):

Ef maður býr nálægt Chao Phraya fljótinu getur verið þægilegt að ferðast með taxa



bátunum. Bátarnir sigla eftir ákv. leiðum og maður hoppar um borð og af aftur á þeim stað sem maður ætlar til alveg eins og í strætó. Þetta er ódýr og þægilegur ferðamáti en nær aðeins yfir ákv. svæði í Bangkok.

Strætó:

Fyrir ferðamenn sem þekja lítið til í Bangkok getur verið erfitt að ferðast með strætó og hafa yfirsýn yfir ferðirnar. Hér getur einnig verið vandamál að ekki er alveg hægt að reikna með að vagninn komi á réttum tíma vegna umferðar. Þessi ferðamáti er samt mjög ódýr.

BTS Sky Train:

Þessi ferðamáti er ódýr, fjótlegur og einfaldur. „Sky Train“ fer yfir stóran hluta borgarinnar. Á öllum BTS stöðum getur maður fengið kort yfir leiðirnar og það er góð hugmynd að nota svölutinn tíma í að setja sig inn í kerfið. Það fer eftir vegalengd en alment verð er frá 10 til 40 Baht.

MRT (Metro):

„Metro“ kerfið í Bangkok fer einnig yfir stóran hluta borgarinnar og einnig þau svæði sem BTS „Sky Train“ nær ekki til. Þessi ferðamáti er einnig ódýr, öruggur og það er þægilegt að fara á milli með lestinni.

Verðin eru frá 16 til 41 Baht. fer eftir vegalengd

VERSLUN - SHOPPING:



Bangkok er algjör verslunar paradís. Hér eru gríðalega stórar verslunarmiðstöðvar, venjulegir stórmarkaðir og verslunarmiðstöðvar eins og Tesco Lotus-keðjan, og mikið af mörkuðum og litlum verslunum við hliðargötunarnar. Tískuðnaðurinn er stór í Thailandi og hér er mikið af sjálfmenntuðum hönnuðum sem hafa áhrif á hvorn annan, kraft borgarinnar og á hin alþjóðlegu tiskuhús.

Verslunar miðstöðvar - Shopping malls:

Mikið af verslunar miðstöðum eru nálægt „Sky Train“ stöðunum, sérstaklega við Siam og Chit Loms stöðvarnar.


Markaðir:

Það er ógrynni af mörkuðum í Bangkok, oft með sína eigin gerð af vörum. En markaðirnir Weekend markaðurinn og Sava Lum Night Basar dekla flest allar kaupþarfir.

Weekendmarkedet - Helgarmarkaður (Jatujak): Markaðurinn sem er yfir öllum öðrum er weekend markaðurinn sem Thailendingar kalla Jatujak markaðinn eða JJ markaðinn. Markaðurinn er aðeins opinn um helgar og er þess verður að heimsækja. Hér getur maður fengið allt sem maður getur ímyndað sér og oft á mjög góðu verði. Markaðurinn er við endastöð BTS, Mo Chit og við lestarstöðvarnar Kamphaeng Phet og Chatuchak Park.

Suan Lum Night Bazaar:

Þessi markaður er með opið alla daga frá kl 17:00 til miðnættis og hér er aðalega að finna fót, minjagrip og hluti fyrir heimilið. Til að komast á markaðinn er auðveldast er að taka MTR „Metoinn“ á Lumpini stöðina.



HVERFIN Í BANGKOK:

Hverfin í Bangkok eru með mismunandi einkenni og þess vegna er góð hugmynd að hafa undirstöðu þekkingu um borgina til að fá sem mest út úr ferðinni. Hér fyrir neðan er stutt lýsing af mið svæðum Bangkoks.

SUKHUMWIT:

Sukhumwit er eitt af miðsvæðunum í Bangkok, sem oft er talið til verslunar-svæða. Það er einnig hér sem útlent verslunarfolk býr og starfar. Byrjunin á breiðstrætinu minnir þó meira á einhvers konar „red light district“ með mikið af veitingastöðum og börum.

Það er einnig hér sem þið finnið lítil þjóðflokka hverfi eins og hið japanska. Aðeins lengra frá Sukhumwit eru íbúðir í dýrari kantinum og þar eru einnig verslanir, veitingastaðir og næturklúbbar sem höfða meira til auðuga íbúa Bangkoks.

SIAM:

Siam er svæðið þar sem mikill hluti íbúa Bangkoks hittist í frítímanum. Svæðið er yfirfullt af veitingastöðum, bíósölum, verslunum og verslunarmiðstöðum. Við Siam Square er mikið af litlum hönnunar verslunum, hárgreiðslustofum og veitingastöðum en aftur á móti eru verslunarmiðstöðvarnar, Siam Discovery, Siam Center og Siam Paragon við götuna Rama1.



KHAO SAN ROAD:

Khao San Road og svæðið í kring er enn eitt þekkt svæði í Bangkok. Það er hér sem bakpoka ferðalangar frá öllum heiminum halda til. Hér eru ódýr hótél, veitingastaðir, barir og verslanir/básar ásamt alþjóða- og frjálslegu andrúmslofti. Khao San Road er ótrúlega litríkt og verðurgt svæði að heimsækja.



SILOM (PAT PONG):

Silom er þekktast fyrir 2 litlar götur, Pat Pong 1 og Pat Pong 2. Þessar götur eru þekktar og umtalaðar fyrir go-go bari, og á sínum tíma dró svæðið að sér mikinn kynlífsiðnað. Þó svo að Pat Pong sé ennþá tákn „rauða ljóssins“ þá hefur svæðið smán saman orðið að almennum

ferðamanna stað, vegna hinna mörgu ferðamanna bása á svæðinu og hinu litríka næturlífi. Silom býður þó einnig uppá Lumpini Park sem er grænt svæði í miðri stórborginni, ásamt Suan Lum Night Bazar. Þar fyrir utan er Silom einnig verslunarsvæði með tilkomumiklum stórhýsum.

CHINATOWN (YAOWARAT):

Chinatown hefur alla þá eiginleika sem china town eiga að hafa. Hér eru kínverskir veitingastaðir, kínversk hof mikið af gullsmíðum og sölumenn sem selja vermdargripi, básar og litlar fjölskyldu reknar verslanir, neónljós í öllum litum og síðast en ekki síst afkomendur af öllum þeim þúsundum kínverja sem flust hafa til Thailands.



BANGKOKS HISTORISKE KVARTER (RATTANAKOSIN):

Þetta svæði er staðsett með fram Chao Phraya fljótinu aðeins fyrir norðan Chinatown. Hér er að finna tilkomumestu hof borgarinnar ásamt áhugaverðum og sögulegum stöðum. Þekktast er Grand Palace og Wat Phra Kaew, en á þessu svæði er einnig að finna mörg önnur hof eins og Wat Pho og Wat Mahathat.



FERÐIR FRÁ BANGKOK:

Hálf dags ferð, borg og hof - Hóperð

-Kynnist Buddhisma og upplifið hið stórkostlega hof Wat Po, hinn 45 metra langa "liggjandi Buddha" og endið í Marmara musterirni.

Hálf dags ferð til Grand Palace & Wat Phra Kaew- Hóperð

-Það er ekki út af engu að þessi stórkostlega höll er ein af merkustu stöðum þorgarinnar. Áður fyrr bjuggu konungar Thailands í höllinni sem er umlukin stórkostlegum stytum.

Hálf dags ferð sigling um fljót og síki í Bangkok - Hóperð

-Látið fara vel um ykkur í bátum og njótið þess að sigla um fljótið og upplifa mannlífið á bökkum síkjanna.

Hálf dags ferð til Jim Thompsons hús og Suan Pakkard höllina – Einku ferð

-Heimsækið hús Jim Thompsons, en Jim var fyrsti amerikaninn sem flutti í allt Thai silki út um allan heim. Sjáið einnig Suan Pakkard hofið sem er í mjög fallegu umhverfi.

Hálf dags ferð, Rice Barge Sigling - Hóperð

-siglið á Chao Phraya-fljótinu og ykkur verður bent á áhugaverða staði á fljótsbökkunum. Á leiðinni til baka fáið þið möguleika á að smakka trópíska ávexti og Thailenskt whisky, fyrir þá sem hafa áhuga.

Madame Tussauds Vaxmyndasafn - Einku ferð

- upplifið hið fræga vaxmyndasagn Madame Tussauds, sem einnig er að finna í Bangkok. Prufið gangviku sýningarbásana, farið inní Hvítahúsið, eða moonwalk með Michael Jackson og margt fleira.

Heildagsferð í Rosegarden & Damern Saduak (fljótandi markaður) - Hóperð

-Sjáið hinn heimsfræga "fljótandi markað", stærsta musterí í suð austur Asíu og kynnið lífsstíl Thailendinga í "Thai-village".

Heildagsferð til Ayuthaya rúta/bátur – Hóperð

-Fyrrum höfuðborg Thailands geymir miklar og sögulegar minjar sem bjóða bæði upp á hallir og gamlar rústir. Hádegisverður innifalinn. Það verður silgt aftur til Bangkoks.

Brúin yfir fljótið Kwai – Hóperð

-Heildagsferð með hádegismat - heimsókn í hið þekkt JEATH stríðs safn, skoðið brúna yfir Kway fljótið, og keyrið í "daudalestinni"

Kvöldferð, Thai Boxing (Muay Thai) - Hóperð

- Thai box er eitt af því sem þið verið að upplifa á ferð ykkar til Thailands. Hér fáið þið innsýn í þær hefðir og reglur sem fylgja þessu sporti ásamt tónlistinni sem verður ákafari eftir því sem líður á boxkeppnina.

BANGKOK

PATHUMWAN PRINCESS ****

444 Phayathai Road, Pathumwan
10330 Bangkok

PATHUMWAN PRINCESS
WWW.PRINCESSHOTEL.COM



FYRSTA FLOKKS HÓTEL MEÐ BEINAN AÐ-
GANG AÐ BESTU VERSLUNARMÍÐSTÖÐ
BANGKOKS, MBK OG MEÐ STÓRA SUND-
LAUG Á EFSTU HÆÐ

Ef þið viljið gista mitt á Siam Square verslu-
narsvæðinu í Bangkok, þá er tilvalið að velja
Pathumwan Princess. Á svæðinu er fullt af
góðum veitingastöðum, huggulegum kaf-
fistöðum og frá sjálfu hótelinu er mögulegt
að ganga beint inn á besta verslunarstað
í Bangkok, MBK. Verslunarmiðstöðin er á
5 hæðum með þúsundir verslana og bása.
Hér er hægt að versla allt mögulegt eins og
góðar merkjavörur sem og góðar copivörur.

Á hótelinu eru 462 herbergi sem eru stór og
björt og standa vel undir 4 stjörnu hóteli.
Að auki býður hótelið upp á mjög stórt
svæði, utandyra og á 8. hæð. Þar er sund-
laug með ólympískum málum, sólbaðsstólar
og spa bað.

Alls staðar eru tré og blóm sem gera það að
verkum að svæðið er eitt af bestu sundlau-
gasvæðum í Bangkok. Það er einnig á þessu
hóteli sem þið finnið mjög góðan ítalskan
veitingastað. Fallagt hótél í hjarta Bangkok.

Fjarlægð í veitingarstað/ verslun: 50 m
Hverfi: Siam Square



Pathumwan Princess



Pathumwan Princess



Pathumwan Princess - Superior

GRAND CHINA PRINCESS ***+

215 Yaowarat Road, Samphantawong
10100 Bangkok

GRAND CHINA PRINCESS
WWW.PRINCESSHOTEL.COM



FOTT FERÐAMANNAHÓTEL VIÐ CHINA
TOWN Á MJÖG GÓÐU VERÐI

Fyrsta flokks hótél staðsett í hjarta Bang-
koks, elsta og skemmtilegasta bæjarhluta-
num "Chinatown" og í göngufæri frá Chao
Phraya fljótinu. Það eru 153 stór og góð
herbergi á hótelinu, öll með loftkælingu,
sjónvarpi með bíórásam, míníbar og síma.

Á hótelinu er spennandi kínverskur veitin-
gastaður og á efstu hæð er bar með frábært
útsýni yfir bæinn og snýst hæðin 1 hring á
klukkutíma (eins og Perlan) Að auki er sund-
laug á þaki hótelsins. Vinsælt hótél á góðu
verði.

Fjarlægð á veingarstað/verslun: 50 m
Svæði: Chinatown



Grand China Princess - Superior



Grand China Princess

NARAI HOTEL ***

222 Silom Road
Bangkok 10500



GOTT FERÐAMANNA HÓTEL Í MIÐBÆNUM Á SILOM ROAD

Narai Hotel er í miðbæ Bangkok á Silom Road með verslun og upplifunum rétt fyrir utan dyrnar. Það er aðeins fárra mín. gangur að næturmarkað og skytrainstöðinni Chong Nonsi, þannig að það er auðvelt að komast um Bangkok héðan. Þessi 472 rúmgóðu herbergi eru vel innréttað og öll með loftkæ-

lingu, Sjónvarp, útvarp, kælskábmíníbar, hárpurku og öryggishólf. Á hótelinu er lítil sundlaug, þreksalur, bar einnig er ítalskur og asískur veitingarstaður. Gott hótél þar sem stutt er á marga af áhugaverðum stöðum í Bangkok.

Fjarlægð á veitingarstaði og verslun: 50 m
Hverfi: Silom



Narai Hotel



Narai Hotel



Narai Hotel

Dusit Thani Bangkok



DUSIT THANI BANGKOK *****

946 Rama IV Road
Bangkok 10500

Dusit Thani
BANGKOK




SÍGILT LÚXSUS HÓTEL VIÐ SILOM ROAD, MEÐ FRÁBÆRA FRANSKA MATARGERÐALIST OG EITT BESTA ÚTSÝNI Í BANGKOK.

Dusit Thani er eitt af hinum sígildu lúxsus hótélum í Bangkok, staðsett á góðum stað við Silom Road og Lumpini Park. Silom lestarstöðin er við hliðina á hótelinu svo það er auðvelt að ferðast um Bangkok. Hótelid býður uppá allt sem maður væntir af 5 stjörnu hóteli, hér eru 517 herbergi öll með nútíma þægindi eins og baðkar, hárpurru og kaffi/te aðstöðu. Öll herbergin eru í eldri thai stíl og er vel við haldið. Á hótelinu

er einnig sundlaug, æfingasalur, Spa og 8 mismunandi veitingastaðir sem bjóða uppá matseðil frá öllum heimshornum. Sá þekktasti er D'sens á efstu hæð sem býður uppá franska matargerðalist í hágæðaflokki og frá matarborðunum er frábært útsýni yfir borgina. Dusit Thani er allra sinnar stjörnu virði og er tilvalið fyrir alla aldurs hópa, einnig fjölskyldur með börn sem óska eftir aðeins meira en hið venjulega.

Fjarlægð í veitingarstað/verslun: 50 m
Hverfi: Silom

Dusit Thani Bangkok - Superior



HUA HIN

Hua Hin er friðsæll og skemmtilegur bær, sem liggur að Siam—firðinum aðeins 3 1/2 tíma keyrsla frá Bangkok. Yndislegur staður til að njóta þess að eiga frí, hér er einnig mikið úrval af veitingastöðum og verslunum. Minna en 30 km. norður af Hua Hin í átt að Bangkok er ferðamannastaðurinn Cha Am. Hér er einnig vinsælt og fjölskylduvænt strandsvæði, en þó er úrvalið af veitingastöðum og verslunum minna hér í samanburði við Hua Hin, en þó fínt fyrir viku frí. Fyrir golfáhugamenn er þetta svæði mjög gott og stutt á marga frábæra velli.



DUSIT THANI HUA HIN *****

1349 Phetkasem Road
Cha-Am, Hua Hin

Dusit Thani
THAI FINE



FRÆGT 5 STJÖRNU HÓTEL SEM ÞEKKT ER FYRIR GÓÐA ÞJÓNUSTU.

Þegar þið stigið fæti ykkar í afgreiðslu hótelsins finnið þið að hér er um alveg sérstak hótél að ræða. Þetta er 5 stjörnu hótél sem hefur reglulega verið haldið við. Bæði innréttingar og gæði hótelsins standast kröfur nútímans og þjónustan er mjög góð. Öll herbergin snúa að hluta til eða alveg að hafinu og einnig önnur sundlaugin af tveimur. Hin sundlaugin inniheldur saltvatn og er í rólegum garði hótelsins fyrir þá sem óska eftir friði og ró. Öll herbergin sem eru stór og fallega innréttuð eru með svalir og öll nútíma þægindi. Hótelíð býður einnig uppá mikið af afþreyingarmöguleikum eins og tennis, squash, hestaferð, æfingasal og mikið úrval af vatna íþróttum. Rétt hjá hótelinu eru nokkrir golfvelli í hæsta

gæðaflokki og aðstoðar hótelið gjarnan við að pantanir. Það eru margir mismunandi veitingastaðir á hótelinu eins og ítalskur, franskur og Thailenskur og yfirkokkurinn er búinn að starfa þar í nær 20 ár og sér um að maturinn standist þau gæði sem er að finna á hótelinu. Duait Thani Hua Hin er í 10 mín keyrslu norður af Hua Hin og bíður uppá litla rútú sem keyrir á klukkutíma fresti (50 bath hvor leið) Á þennan hátt er auðvelt að fara t.d. á hinn þekкта næturmarkað í Hua Hin og síðan fara aftur í rólegheit á einka strönd við hótelið.

Fjarlægð á strönd: 20 m

Fjarlægð í verslun /veitingastað: 7 km



Dusit Thani Hua Hin



Dusit Thani Hua Hin

BAAN PANTAI RESORT *****

54 Dechanuchit Road
Hua Hin, Cha-Am 77110



FYRSTA FLOKKS HÓTEL Í CHA AM, ALVEG VIÐ STRÖNDINA OG HUGGULEGA GÖN-GUSTÍGA.

Hótelid er aðeins 30 metra frá ströndinni en um leið mitt á strandgötunni með veitin-garstöðum, litlum búðum og aðeins 50 me-tra frá verslun. Baan Pantai Resort býður uppá 38 smekklegr herbergi öll með loftkæ-lingu, míníbar, sjónvarpi, síma, hárfurku og

með eigin pall eða svalir. Herbergin eru í tveim lágum byggingum í fallegum garði með stórri og góðri sundlaug í miðjunni. Vi-nalegt starfsfólkið og afslappað andrúms-loft einkennir staðinn. Að okkar mati mjög gott hótél í Cha Am.

Fjarlægð á strönd: 30 m

Fjarlægð í verslun /veitingastað: 30 m



Bann Pantai - Deluxe



Bann Pantai

SHERATON HUA HIN RESORT & SPA *****

1573 Petchkasem Road
Cha-Am 76120



Sheraton Hua Hin Resort & Spa

FRÁBÆRT 5 STJÖRNU STRANDHÓTEL Á ÁHUGVERÐU VERÐI.

Með útsjónasemi og góðri hönnun hefur Sheraton Hua Hin tekist að skaba eksótí-ska vin umvafna vatni. Sundlaug hótél-sinns sem er 200 metra löng er sú stærsta á svæðinu, og liðast gegnum hótélgarðinn niður að ströndinni sem liggur að Síam flóanum. Sheraton býður uppá mat frá öllum heimshornum ekki minna en 6 vei-tingastaðir og cafeir ásamt frábærum bar

með útsýni yfir turkís blátt hafið. Herbergin eru ljós og þægileg og eru öll með svölum eða palli ásamt rúmgóðum badherbergjum. Á hótelinu er líka þreksalur, spadeild og tennisvöllir.

Fjarlægð að strönd: 10 m

Fjarlægð að veitingarstað/verslun: 10 km (Hua Hin)



Sheraton Hua Hin Resort & Spa

HUA HIN

SOFITEL CENTARA GRAND RESORT & VILLAS *****

11 Damernkasem Road
77110 Hua Hin



SJARMERANDI OG LÚXSUS FYRIR ÞÁ VANDLÁTU

Sjarmerandi hótél byggt 1922 eftir þeirri uppskrift sem var þá um hvernig lúksus hótél ættu að vera. Og enn í dag uppfyllir Sofitel Centara þær kröfur sem nútímatúristi setur hvað varðar lúksus og stíl. Breiðir skuggsælar svalir mahogni pláncar á gólfum, falleg herbergi og trópískur garður með trjám og runnum sem eru klippt til eins og dýramyndir er með til að gera þennan stað einstakan og Sofitel Central er í miðri Hua Hin á sjálfri ströndinni. Lúksus innrétting er á herbergjum og með öllum hugsanlegum þægindum. Á hótelinu eru barir, coffee-shop, veitingarstaðir og sundlaug. Það er ekki að ástæðu lausu að margir halda því fram að þetta sé besta hótél í Hua Hin.

Fjarlægð að strönd: 10 m

Fjarlægð að veitingarstöðum og verslun: 50 m



Sofitel Centara Grand Resort & Villas



Sofitel Centara Grand Resort & Villas



Baan Duangkaew

BAAN DUANGKAEW ***

83/158 Soi Talay 12, Takiab Road
Hua Hin Prachuap Kirikhan



HÉR ER LÍTIL PERLA, 150 M. FRÁ STRÖNDinni SEM FÆR OKKAR BESTU MEÐMÆLI..

Töfrandi fyrsta flokks hótél staðsett rétt fyrir utan Hua Hin og aðeins 150 m. frá ströndinni, umvafið gröskumiklum hitabeltisskógi og sundlaug.

Á hótelinu eru 40 mjög fallegir bungalows í Thai stíl með stórum palli, loftkælingu, míní-bar, sjónvarpi, og síma. Hér er hægt að tala um "litla perlu" hótél með góðum veitingastað og góðu andrúmslofti sem fær okkar bestu meðmæli.

Fjarlægð á strönd: 150 m

Fjarlægð á veitingarstað/verslun: 500 m



Baan Duangkaew

KABAN TAMOR ***

122/43-57 Takiab Road
Hua Hin 77310



GOTT FERÐAMANNAHÓTEL Í RÓLEGU UM-
HVERFI.

Hótelíð er í 10 mínútna keyrslu frá Hua Hin við Khao Takiab-ströndina. 23 cylinder lagaðir bungalows eru innréttaðir í ljósum litum og fær mann til að hugsa um Grikkland og litla sjávarbæi á eyjunum. Allir bunaglöws eru með einka svölum, síma, sjónvarpi, ásamt minibar.

Hótel garðurinn er eins og allt á Kaban Tamor er stílhreint og vel við haldið með litskrúðugum blómum og hér er líka bæði sundlaug og veitingarstaður með frábæru útsýni yfir Thailandsflóa.

Fjarlægð að strönd: 10 m
Fjarlægð að veitingarstöðum / verslun: 6 km



Kaban Tamor

Kaban Tamor



Baan Talay Dao

BAAN TALAY DAO ***

2/10 Takiab Road
Khao Takiab, Prachuapkhirikhan
Hua Hin 77110



LÍTID HUGGULEGT FERÐAMANNAHÓTEL

Baan Talay Dao er mjög sjarmerandi ferðamannahótel, og liggur á ströndinni í suður endanum á suðurhluta Hua Hin flóa ca. 10 mín keyrslu suður af miðbæ Hua Hin. Hótelíð var í byggingu til ársins 2004 og heppnaðist eigendum sem eru 9 bræður og ein systir að skapa einstakt umhverfi og andrúmsloft í frábæru umhverfi. 32 bungalows og herbergi eru byggð kringum gamalt teak tréhús á staurum frá því um 1900 Byggingin er notuð í dag sem huggulegur bar. Á Baan Talay Dao er líka veitingarstaður og sundlaug með útsýni yfir hafið. Öll herbergi eru með palli eða svölum og innréttað með skemmtilegu blöndu með þjóðlegum thai mublum og nútíma þægindum.

Fjarlægð að strönd: 10 m
Fjarlægð að veitingarstað / verslun: 4 km (Hua Hin)



Baan Talay Dao

KOH CHANG

Nálægt landamærum Cambodia er eyjan Koh Chang sem þýðir Fílaeyjan. Eyjan hefur fengið þetta nafn, af því að úr lofti lítur eyjan út eins og fílahöfuð. Eyjan er 3. stærsta eyja Thailands, þar er þjóðgarður sem þekur meira en 75% af eyjunni með þéttum regnskógi. Það er einnig mikið dýralíf á eyjunni og er eyjan sá þjóðgarður sem er nánast ósnertur í suð austur Asíu. Fyrir utan rólegt strandlíf þá er sérstaklega tvennt sem dregur ferðamenn að eyjunni: Göngur um náttúruna og köfunar/grunnköfunarferðir. Þegar farið er um frumskóginn er möguleiki á að sjá hina langhentu gibbon- og languraba sem sveifla sér á milli trjánna af mikilli list.



BARALI BEACH RESORT ****

77 Moo 4, Klong Prao Beach,
Koh Chang, Trat 23170



BUNGALOW Á STRÖNDINNI

Smekklegt fyrsta flokks hótél staðsett á Klong Prao ströndinni. Þetta eru 60 bungalows í Thai stíl, byggðir úr besta hráefni. Falleg og ljós húsgögnin passa vel við dökkt mahogni gólf. Baðherbergin eru stór með innbyggðu baðkari en sturtuðstaða er utandyra. Það eru einnig svalir með útsýni

yfir hinn gróskumikla garð. Sundlaugar-svæðið er við ströndina og er haldið í sama stíl og byggingar hótelsins. Á hótelinu er einnig huggulegur veitingastaður, það eru einnig nokkrir veitingastaðir í Klong Prao, en White Sand Beach er aðeins í 5 mín fjarlægð með taxa. Það getur verið erfitt að finna bungalows alveg á ströndinni í Thailandi sem eru með sama standard og Barali. Þar

sem verðið á Barali er einnig mjög gott þá er þessi staður ofarlega á okkar vinsældarlista. Hingað koma sömu gestirnir aftur og aftur, þess vegna mælum við með að þið pantið tímalega.

Fjarlægð að strönd: 10 m

Fjarlægð til veitingarstað/verslun: 300 m



Barali Beach Resort



Koh Chang Tropicana Resort & Spa

KOH CHANG TROPICANA RESORT & SPA ***+

17/3 Moo 4 Klong Phrao Beach
Koh Chang, Trat 23120



STRANDHÓTEL Á FALLEGUM STAÐ MEÐ GÓÐRI AÐSTÖÐU FYRIR BÖRN.

Gott ferðaamannahótél með á frábærum stað á vesturströnd Koh Changs. Hótelíð er með 77 herbergi sem eru fallega staðset í gróskumiklum trópískum hótélgarði. Herbergin eru með nútíma innréttingar og vel útbúinn svo sem loftkæling, kælskápur, míníbar, sjónvarp, sími, hárburka og palli ásamt utandyra baðherbergi. Á hótelinu er líka veitingarstaður og hvað er betra en að njóta góðs matar í skugga pálmatrjá eða fá sér drykk á barnum við hliðina Sunset Bar

og horfa á sólsetrið. Óskið þið bara eftir því að slappa af og njóta er hótélgarðurinn ásamt sundlauginni staðurinn fyrir ykkur. Eða farið í Spa, þar sem þið getið fengið meðal annars Thai nudd og fleira. Svæðið býður síðan uppá fjöldan allan af möguleikum eins og snorkla, kafa eða fara í kajak ferðir.

Fjarlægð að strönd: 10 m

Fjarlægð að veitingarstað eða verslun: 4 km



Koh Chang Tropicana Resort & Spa

KOH CHANG KACHA RESORT & SPA ***

88-89, Moo 4, White Sand Beach
Koh Chang, Trad 23170



STRANDHÓTEL Í VIÐBURÐARÍKUM MIÐBÆNUM

Huggulegt ferðamannahótel á White Sand Beach. Frá sundlauginni eru 10 metrar að ströndinni og bak við hótelið er aðalgatan með veitingastöðum og verslunum. Þið skulið ekki velja Kacha ef þið sækist eftir frið og ró, en þetta hótel er upplagt fyrir þá sem vilja vera nálægt öllu. Hótelið samanstendur af bungalows sem eru staðsettir við sundlaugina ásamt herbergjum sem eru í hótelbyggingunni aftast á svæðinu. Á hótelinu eru vestur svalir eða pallur svo hægt er að njóta kvöldsólarinnar.

Fjarlægð á stönd: 10 m

Fjarlægð að veitingarstað/verslun: 50 m



Koh Chang Kacha Resort & Spa



Koh Chang Kacha Resort & Spa



Koh Chang Kacha Resort & Spa - Deluxe Villa

KC GRANDE RESORT & SPA ****

1/1 Moo 4 Bann Haad Sai Khao,
Koh Chang, Trad



STÓRKOSTLEG STAÐSETNING Á WHITE SAND MED ÚTSÝNI YFIR HAFIÐ

Það er nýbúið að endurnýja KC Grande og er það því fallegt og aðlaðandi 4 stjörnu hótel. Við höfum valið að nýta herbergin í hinni nýju Deluxe byggingu, þar sem við getum staðið við annarskonar upplifun. Deluxe herbergin eru mjög aðlaðandi og þægileg, með góðum svölum með sól-

stólum og einka nuddpotti og að sjálfsögðu fallegu útsýni yfir hafið. Þetta hótel er fyrir þá sem óska eftir að búa nálægt úrvali af veitingastöðum og verslunum. Eitt af okkar upphalds hótélum.


Fjarlægð að strönd: 10 m

Fjarlægð að veitingarstað/verslun: 100 m



KC Grande Resort & Spa

KC Grande Resort & Spa - Grande Deluxe Building



White Sands Beach (Haad Sai Khao):

White Sands Beach er lengsta og vinsælasta strönd eyjarinnar. Hér eru mörg hótél, verslunarstaðir, veitingastaðir og skemmtilegt næturlíf með strandbörum og nætur- og jazzklúbbum. Þessi hluti eyjunnar dregur að sér mikið að baka-polaferðalöngum.

Klong Prao Beach (Haad Klong Prao):

Klong Prao ströndin er löng með hvítum sandi og fallegum klettum úti í sjónum við norðurhluta eyjunnar. Við þessa

strönd er róleg og og hér er standarinn á hótélunum meiri en á ströndinni White Sand Beach.

Lonely Beach (Haad Thanam):

Þessi kólómetra langa strönd er sú fallegasta á eyjunni Koh Chang. Norður hlutinn er með finan, hvítan sand en við suðurendann eru meiri steinar. Meðfram Lonely Beach er mikið af veitingastöðum, börum, verslunum og mat-vöruverslunum.

KHAO SOK ÞJÓÐGARÐUR

Khao Sok þjóðgarðurinn er á Surat Thani svæðinu og allt umhverfið þar í kring er eitt það fallegsta í Thailandi. Upplifið gróskumikinn regnskóginn með stórkostlegum fossum, dropasteinsklettum og óteljandi læki sem renna saman og mynda stór og róleg fljót. Í Khao Sok er mjög fjölskrúðugt dýralíf og hér eru yfir 100 mismunandi orkídeur, hér eru einnig blómin Rafflesia, sem eru heimsins stærstu blóm og geta orðið stærri en 80 cm að ummáli. Hér er að finna einstaka upplifun í stórkostlegri náttúru með góðri leiðsögn. Það er sama hvort þið ferðist með eða án barna, þá megið þið ekki missa af 2ja daga ferð um þjóðgarðinn með leiðsögumönnum, (mahouter) og eru gjarnan fílahirðar.



KHAO SOK JUNGLE LAKE SAFARI 3 DAGAR / 2 NÆTUR



Dagur 1: Phuket/Krabi/Khao Lak – Khao Sok Þjóðgarðurinn

Það verður náð í ykkur um morguninn á hótelið í Phuket eða Krabi og þið keyrið norður eftir að Phang Nga svæðinu. Á leiðinni farið þið framhjá litlum smábæjum, plantekrum með gúmmitrjám og ótrúlega fallegri náttúru. Þið komið síðan að Cheo Lam-vatninu, þar sem þið farið út að sigla og upplifið náttúruna meðfram ströndinni. Ef þið hafið áhuga, getið þið sjálf silgt í kano og á þann hátt hafið þið möguleika á að komast ennþá nær stórkostlegu dýralífinu. Hádegismatur er borinn fram á hefðbundinni burmeriskri "junke". Eftir matinn getið þið slappað af á ströndinni, farið að synda eða farið í aðra kanóferð. Seinnipartinn farið þið að tjaldbúðunum þar sem þið gistið í 12 m2 stórum afrikönskum lúksus tjöldum. Í þeim er sér bað og klósett og þið sofið í góðum rúmum, þið eruð með rafmagn og fyrir gluggum og hurð er flugnanet, svo þið getið sofið rótt. (H,K) Gisting: Khao Sok (Luxury Tented Camp)

Dagur 2: Khao Sok Þjóðgarður

Í dag skoðið þið þetta frábæra svæði úr bát. Þetta fallega vatn er ekki mikið heimsótt af ferðamönnum, en vatnið er umvafið frumskógi og fjöllum í þessari ferð eru góðir möguleikar á að sjá villt dýr eins og fíla, asiú-vatnabuffala ásamt fjölda tegunda af öpum og fuglum. Þið getið hlakkað til því það er upplifun þegar þið komið að fljótandi tjaldbúðum þar sem þið munið gista á spegilsléttu Chew Lam vatninu. Tjöldin sem þið búið í hafa öll nútíma þægindi eins og t.d. venjulegt bað herbergi. Restina af deginum er á eigin vegum þar sem þið getið róðið á kanóum um frumskógin, syndt í vatninu eða bara slappa af á pallinum fyrir framan tjöldin ykkar og hlutstað á hljóðin í frumskóginum sem er eins og symfónía af bestu gerð. (M, H, K) Gisting: Khao Sok (Luxury Floating Camp, Cheow Lam Lake)

Dagur 3: Khao Sok National Park – Phuket/Krabi/Khao Lak

Þið snæðið morgunverð á sama tíma og geislar sólarinnar hita upp umhverfið og morgunþokunni léttir. Hægt er að taka frískandi morgun bað í vatninu áður en þið farið í gönguferð um frumskógin eftir litlum stígum með leiðsögumönnum okkar sem fræða ykkur um plöntu og dýralíf skó-

garins. Þið komið tilbaka að búðunum á Cheow vatninu og snæðið hádegisverð e.t.v. náði þið að fara í síðasta kanó ferðina áður en þið haldið til baka héðan til Phuket, Krabi eða Khao Lak. (M,H)



KHAO SOK ÞJÓÐGARÐURINN 3 DAGAR / 2 NÆTUR



Dagur 1: Phuket/Krabi/Khao Lak - Khao Sok

Þið verðið sótt á hótél ykkar á Phuket, Krabi eða Khao Lak og keyrt verður norður til Phang Nga. Á leiðinni keyrið þið í gegnum smábæ, gúmmitréplantekur og fallegt landslag. Fyrir hádegis farið þið um borð í bát og skoðið þetta frábæra svæði umkringt af fjöllum og frumskógi, þar er góður möguleiki á að sjá villt dýr, eins og fíla, vatnabuffalo, mismunandi apategundir fjölda fugla og margt fleira. Þið fáið hádegisverð umborð í "Jukku" sem er frá Burma þið gistið í bungalow tjöldum á sjálfu Cheow Lam-vatninu. Tjöldin ykkar eru útbúinn eins og venjuleg hótélherbergi. Restina af deginum getið þið róði á kanóum um vatnið, eða tekið sundsprett í vatninu eða bara liggja og njóta tónlistar nátturunnar sem berst frá frumskóginum. Um kvöldið getið þið fengið ykkur litríka drykki á "Jungle Explorer Club Bar". (H,K) Gisting: Khao Sok Þjóðgarðinum

Dagur 2: Khao Sok

Þið vaknið við öskur og skræki í bæði fuglum og öpum. Eftir morgunverð er farið í gönguferð að nærliggjandi fílabúðum þar sem þið kynnist nánar Asiú fílnum. Þið fræðið um mahouteres (fílahirða) hvernig dagleg umhirða er

um fíllana með meiru, þið aðstoðið við fóðrun og að baða fíllana, einnig hjálpið þið við að planta gróðri sem verður notað í fóður fyrir fíllana á næsta ári. Þið komið til með að fá hádegisverð við Klong Sok-fljótið, þar sem kanóarnir liggja klárir fyrir siglingu niður fljótið. Njótið ferðarinnar í þessu fallega landslagi þegar kanóinn líður niður fjótið. Þið komið til baka að búðunum seinnipartinn þar sem þið snæðið kvöldverð. (M,H,K) Gisting: Khao Sok Þjóðgarðurinn.

Dagur 3: Khao Sok - Phuket/Krabi/Khao Lak

Eftir morgunverð farið þið í gönguferð um frumskógin, eftir smáum stígum með leiðsögumönnum ykkar. Leiðsögumenn fræða ykkur um plöntu og dýralíf í regnskóginum. Eftir hádegisverð er ykkur keyrt til hótels ykkar í Phuket/Krabi/Khao Lak. (M,H)

(M: Morgunverður, H: Hádegisverður, K: Kvöldverður)

Það er mögulegt að bæta við auka nóttum í þessum ferðum og einnig getum við boðið uppá styttri ferðir til Khao Sok á 2 dagar og 1 dags ferðir. Hafið samband við Ferdina um verð..



HAADSON RESORT ***

30/1 Moo 7, Bang Muang
Takuapa, Phang Nga 82190



AFSLAPPANDI HÓTEL MEÐ GÓÐRI ÞJÓ-
NUSTU OG ER EIGU FJÖLSKYLDU

Haadson Resort er í nútíma Thailenskum strand stíl. Hótelíð er fjölskyldurekið og starfsfólkið kemur frá þorpunum í kring. Haadson Resot liggur við Bangsak-ströndina, ca. 15. mín. keyrslu frá miðbænum í Khao Lak og Takuapa, einnig aðeins í 45 mín. keyrslu frá Khao Sok þjóðgarðinum og Khao Lak Lamru þjóðgarðinum. Stutt frá hótelinu er sjávarréttar veitingarstaðir sem setja svip á lókal samfélagið. Þessi 39 herbergi eru einföld og stílhrein þar sem

áhersla er lög á vistvænt efnisval í byg-
gign og innréttingum. Öll herbergin eru
með einka palli eða svölum með útsýni að
litlu vatni eða garðinum og ströndinni. Her-
bergin eru öll með loftkælingu, sjónvarpi,
öryggishólf, míníbar, hárburku og kaffi /
te möguleikum. Haadson Resort er með
þægilega sundlaug, lítið bókasafn og sala,
þar sem hægt er að fá Thai nudd.

Fjarlægð á strönd: 10 m (Bangsak Beach)
Fjarlægð að veitingarstað / verslun:
19 km (Khao Lak miðbæ)



Haadson Resort



Haadson Resort

RAMADA RESORT, KHAO LAK ****

59 Moo 5, Tambol Khuk Khak
82190 Phang-Nga, Khao Lak



LÚKSUS UPPLIFANIR FYRIR ALLA FJÖL-
SKYLDUNA.

Ramada Resort, Khao Lak er á ósnertu
hvítu strandsvæði nálægt afsæktum
eyjum sem liggja út frá ströndinni og öll
umgjörðin er eins og póstkort. Mjög fjöl-
skylduvænt hótél með 116 herbergjum,
sem eru öll láreynt til að hafa sem minnst
áhrif á náttúruna. Til þess að allir njóti
dvalarinnar sem best er fjöldin allur af
afþreyingu í boði á hótelinu. Hótelíð býður

uppá barna og fullorðins sundlaug, strand-
blak, batminton, borðtennis, barnaklúbb,
spameðferðir, hjólaleigu, líkamsrækt og
ekki minnst að hótelið liggur á ströndinni.
Öll herbergi eru með nauðsynlegum þæg-
indum sem hæfa fyrsta flokks hóteli.

Fjarlægð að strönd: 10 m (einka strönd)
Fjarlægð að veitingarstað / verslun:
3,5 km (Khao Lak miðbæ)



Ramada Resort, Khao Lak



Ramada Resort, Khao Lak

PHUKET

Phuket, stærsta eyja Thailands er við Andamaner hafið á vesturströnd Thailands. Phuket er mjög vinsæll ferðamannastaður sem er alveg skiljanlegt, því hér er allt sem þarf til að skapa gott frí: falleg og fjölbreytt náttúra með háum fjöllum, þöktum frumskógi ásamt gróskumiklum ökrum með gúmmitrjám sem liggja þétt upp að litlum smábæjunum. En Phuket en þó þekktust fyrir margar og fallegar strendur sem eru allar á vesturhluta eyjunnar.

Dusit Thani Laguna - Deluxe-herbergi með útsýni að hafi



Dusit Thani Laguna



DUSIT THANI LAGUNA *****

